

September 2024



Kortlagning sjálfvirkra hjartastuðtækja Skýrsla starfshóps

Útgefandi:

Heilbrigðisráðuneytið

Kortlagning sjálfvirkra hjartastuðtækja. Skýrsla starfshóps

September 2024

hrn@hrn.is

www.hrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Heilbrigðisráðuneytið

©2024 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-43-8

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Greining starfshóps	5
2.1 Afmörkun verkefnis.....	5
2.2 Söluaðilar sjálfvirkra hjartastuðtækja.....	5
2.3 Skráning tækja í kortasjá.....	5
2.4 Hýsing og umsjón kortasjár.....	6
2.5 Nauðsyn sérstakra stjórnvaldsfyrirmæla um sjálfvirk hjartastuðtæki	6
2.6 Kynningarherferð.....	6
2.7 Kostnaðaráætlun og fjármögnun	7
Viðhengi	8

1. Inngangur

Hinn 8. febrúar 2024 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp um kortlagningu sjálfvirkra hjartastuðtækja. Í skipunarbréfi kemur fram að hlutverk hópsins er að undirbúa gerð aðgengilegrar kortasjár yfir staðsetningar sjálfvirkra hjartastuðtækja í 112 smáforritinu, en aðeins eru skráð 40 tæki í gagnasafni Neyðarlínunnar. Jafnframt er starfshópnum falið að kanna hvaða samfélagslegu þætti þarf að skoða samhliða og hvort tilefni sé til að setja sérstök stjórnvaldsfyrirmæli um slík tæki. Loks er hópnum falið að gera verkefnisáætlun um kynningu og innleiðingu kortasjárinnar og áætla kostnað vegna verkefnisins, ef hann fer umfram það fjármagn sem verkefninu hefur verið tryggt nú þegar.

Starfshópurinn var þannig skipaður:

- Jón Magnús Kristjánsson, formaður hópsins
- Þorsteinn Jónsson, tilnefndur af embætti landlæknis
- Hjördís Garðarsdóttir, tilnefnd af Neyðarlínunni
- Ásgeir Valur Snorrason, tilnefndur af Endurlífgunarráði
- Hildur Vattnes Kristjánsdóttir, tilnefnd af Rauða krossinum á Íslandi
- Hjörtur Oddsson, tilnefndur af Landspítala
- Svanfríður Anna Lárusdóttir, tilnefnd af Slysvarnafélaginu Landsbjörg

Jón Magnús Kristjánsson stýrði fundum starfshópsins og Hrafnhildur Ýr Erlendsdóttir skrifaði fundargerðir. Allir fulltrúar í hópnum tóku þátt í umræðum og komu að gerð skýrslunnar sem er afurð vinnunnar.

2. Greining starfshóps

2.1 Afmörkun verkefnis

Starfshópurinn skilgreindi lokamarkmið verkefnisins *að koma upp kortasjá yfir sjálfvirk hjartastuðtæki á Íslandi* sem að: „**fækka dauðsföllum vegna hjartastoppa með því að bæta aðgang að sjálfvirkjum hjartastuðtækjum á Íslandi og þannig stytta tíma frá hjartastoppi að stuði**“.

Megintilgangur kortasjár er að gefa neyðarvörðum möguleika á að beina einstaklingum á vettvangi á næsta tæki í þeim tilvikum þar sem nægilega margir eru á vettvangi.

Starfshópurinn telur aðgengi almennings að kortasjá vera mjög ákjósanlega hliðarafurð. Einnig væri mikilvæg hliðarafurð að stuðla að viðhaldi og þjónustu við tækin til að tryggja að þau væru ávallt virk og aðgengileg.

2.2 Söluaðilar sjálfvirkra hjartastuðtækja

Alls eru fimm söluaðilar sjálfvirkra hjartastuðtækja á Íslandi. Starfshópurinn sendi erindi til allra söluaðila þar sem spurt var um hvort fyrirtækin haldi skrá yfir kaupendur tækjanna, hvort sú skrá nái yfir staðsetningu þeirra, þjónustu fyrirtækjanna við tækin og um viðhorf fyrirtækjanna til samstarfs við rekstraraðila kortasjár um staðsetningu þeirra.

Öll fyrirtækin halda slíkar skrár og eru tilbúin til samstarfs við að koma upp heildstæðri kortasjá yfir staðsetningu sjálfvirkra hjartastuðtækja á Íslandi. Öll fyrirtækin þjónusta seld tæki og senda kaupendum áminningu um viðhald og endurnýjun rafskauta og rafhlöðu þegar á þarf að halda.

2.3 Skráning tækja í kortasjá

Starfshópurinn leggur til að umsjónaraðila kortasjárinnar verði falið að skilgreina hvernig best sé að gefa eigendum sjálfvirkra hjartastuðtækja möguleika á að skrá þau í gagnagrunninn. Talið er mikilvægt að slíkur skráningarmöguleiki verði hafður í huga frá byrjun við forritun kortasjárinnar og að hún verði sem mest byggð á skráningu eigenda tækjanna beint í gagnagrunninn.

Starfshópurinn leggur til að í gagnagrunninn verði skráðar greinargóðar upplýsingar um staðsetningu tækisins, hvenær og hvernig það sé aðgengilegt og hvernig viðhaldi þess sé háttáð auk þess sem það verði skoðað að hafa möguleika á ljósmyndum sem sýna staðsetningu tækja. (Sjá nánar tillögu að skráningarupplýsingum í viðhengi).

Lagt er til að umsjónaraðila kortasjárinnar verði jafnframt falið að útbúa skilmála fyrir skráningu tækja í gagnagrunninn að erlendri fyrirmynd.

Þar sem mikill vilji reyndist vera til samstarfs hjá söluaðilum hjartastuðtækjanna er lagt til að leitað verði samstarfs við söluaðila um að senda eigendum tækja boð um að skrá tæki sín í gagnagrunninn.

2.4 Hýsing og umsjón kortasjár

Starfshópurinn mat það ákjósanlegast að kortasjáin yrði þróuð og hýst hjá Neyðarlínunni ohf. og að fyrirtækinu verði falið að halda utan hana til framtíðar.

Þann 5. mars 2024 var send fyrirspurn til stjórnar Neyðarlínunnar ohf. þar sem óskað var eftir viðhorfi stjórnarinnar til þess að fyrirtækið taki að sér þetta verkefni. Stjórnarfundum Neyðarlínunnar hefur ítrekað verið frestað og því hefur svar ekki borist starfshópnum. Það er því lagt til að heilbrigðisráðuneytið fylgi því eftir að fá svar við beiðninni og feli í kjölfarið Neyðarlínunni ohf. verkefnið ef svarið verður jákvætt. Talið er líklegt að þörf sé á áframhaldandi samtali milli heilbrigðisráðuneytis og Neyðarlínu um erindisbréf vegna verkefnisins.

2.5 Nauðsyn sérstakra stjórnvaldsfyrirmæla um sjálfvirk hjartastuðtæki

Leitað var álits lögfræðings heilbrigðisráðuneytisins sem taldi við fyrstu sýn að ekki væri lagastoð fyrir því að setja sérstaka reglugerð um sjálfvirk hjartastuðtæki í núgildandi lögum.

Starfshópurinn leggur til að farið verði í vinnu undir stjórn heilbrigðisráðuneytis og embættis landlæknis um gerð reglugerðar um lágmarkskröfur um staðsetningu og fjölda sjálfvirkra hjartastuðtækja á mannmörgum stöðum, í farartækjum og í opinberum byggingum.

2.6 Kynningarherferð

Starfshópurinn telur mikilvægt að framkvæmdaaðilar í hópnum haldi áfram samstarfi þegar hópurinn hefur formlega lokið störfum þar sem vinna þarf áfram með útbreiðslu og kynningu á sjálfvirkum hjartastuðtækjum.

Jafnframt er lagt til að farið verði í almenna auglýsingaherferð til almennings um mikilvægi þess að beita hjartahnoði og hjartastuði við endurlífgun.

Hópurinn telur að nýta eigi tækifærið til að höfða til almennrar skyndihjálparkunnáttu og hvetja vinnustaði til að senda starfsmenn á skyndihjálpanámskeið. Slík kynningarherferð með áherslu á notkun samfélagsmiðla er talin kosta um 4. m.kr.

Starfshópurinn bendir á að Evrópski endurlífgunardagurinn er 16. október, ráðstefnan Björgun þar sem viðbragðsaðilar eru samankomin er haldin í

október annað hvert ár og 1-1-2 dagurinn 11. febrúar ár og að þessir dagar geti verið kjörinn vettvangur til að kynna kortasjána og vekja athygli á mikilvægi sjálfvirkra hjartastuðtækja.

2.7 Kostnaðaráætlun og fjármögnun

Forritun við gerð kortasjárinnar hefur þegar verið fjármögnuð með 8 m.kr. framlagi frá heilbrigðisráðuneytinu skv. ákvörðun heilbrigðisráðherra.

Leitað var eftir nýrri kostnaðaráætlun vegna forritunarvinnunnar og reyndist sú áætlun vera 2- 4 m.kr. sem rúmast því innan þeirrar fjárhæðar sem úthlutað hefur verið til verkefnisins.

Starfshópurinn leggur til að heilbrigðisráðuneytið veiti heimild fyrir því að sá hluti fjárveitingarinnar sem ekki verður nýttur við forritun kortasjárinnar megi nota í kynningarátak og upplýsingagjöf til almennings um mikilvægi sjálfvirkra hjartastuðtækja við endurlífgun í samræmi við lið 2.5 og að sú kynning verði skipulögð í samstarfi umsjónaraðila kortasjárinnar, Endurlífgunarráðs Íslands, Landsbjargar og Rauða krossins á Íslandi.

Starfshópurinn áætla að vinnuframlag sem nemur 5-10% starfshlutfall eins starfsmanns sé nauðsynlegt vegna utanumhalds og reksturs kortasjárinnar til langs tíma. Nauðsynlegt er að skilgreina fjármögnun þess launakostnaðar í erindisbréfi til rekstraraðila.

Viðhengi

AED skráning					
1	Eigandi	Nafn fyrirtækis	Símanúmer	Netfang	
1	Ábyrgðaraðili	Nafn	Símanúmer	Netfang	
2	Staðsetning - heimilisfang	Götuheiti	Póstnúmer		
2	Nánari staðsetning	Hæð í húsi, herbergi í húsi	Hæð frá gólfi	Merkingar?	Ef til vill mynd af tæki sem hægt er að sjá staðsetningu?
2	Aðgengi	Tími dags	Tími árs	Rauðir dagar	Er tækið aðgengilegt öllum eða þarf starfsmann til að aðstoða?
				Er tækið í læstum kassa	Ef já - hvar er kóði/lykill/?
3	Gefur fyrirtækið leyfi fyrir því að tækið verði notað?				
4	Tæki	Framleiðandi			
4	Tegund	Tegundarheiti			
4	Týpa				
4	Serial númer				
4	Innflytjandi	Hver þjónustar tækið?			
4	Framleiðsluár				
4	Dagsetning á batteríi	Hvenær var skipt um	Hvenær renna út		
4	Dagsetning á pötsum	Hvenær var skipt um	Hvenær renna út		
4	Stærð á pötsum	Eru fleiri en ein stærð?	Ef svo er hvaða stærðir?		

